

Aðalfundar Stjórnvísí haldinn miðvikudaginn 8. maí 2024 kl. 12 í Nauthól

Dagskrá aðalfundar:

1. Kjör fundarstjóra og ritara.
2. Skýrsla formanns.
3. Skýrsla framkvæmdastjóra.
4. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar.
5. Breytingar á lögum félagsins.
6. Kjör formanns.
7. Kjör stjórnarmanna til næstu ára
8. Kjör fagráðs.
9. Kjör skoðunarmanna reikninga.
10. Önnur mál.

Fundargerð:

1. Formaður Stefán Hrafn Hagalín setur fundinn og tilnefnir fundarstjóra og ritara.
Kjör fundarstjóra og ritara.
Fundarstjóri Haraldur Agnar Bjarnason.
Fundarritari Laufey Guðmundsdóttir.
Gengið var úr skugga um lögmati fundar.
2. Skýrsla formanns.
Formaður stjórnar Stjórnvísí, Stefán Hrafn Hagalín, flutti skýrslu stjórnar og fór yfir helstu verkefni stjórnar á liðnu starfsári.
Engar athugasemdir eða fyrirspurnir voru um skýrsluna og telst hún samþykkt – skýrslan er aðgengileg á vefsvæði félagsins.
3. Skýrsla framkvæmdastjóra.
Gunnhildur Arnardóttir framkvæmdarstjóri Stjórnvísí fór yfir skýrslu framkvæmdarstjóra og helstu verkefni og viðburði Stjórnvísí á liðnu starfsári. Engar athugasemdir eða fyrirspurnir voru um skýrsluna og telst hún samþykkt – skýrslan er aðgengileg á vefsvæði félagsins.
4. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar.
Gunnhildur Arnardóttir framkvæmdarstjóri Stjórnvísí fór yfir ársreikning.
Áætlanir gengu eftir og staða félagsins er góð. Engar athugasemdir eða fyrirspurnir voru um ársreikninginn og telst hann samþykktur – Ársreikningurinn er aðgengileg á vefsvæði félagsins.
5. Breytingar á lögum félagsins.
Engar tillögur um lagabreytingar lágu fyrir.

Kosning stjórnar

Óskað var eftir framboðum til stjórnar Stjórnvísí starfsárið 2024-2025, frestur til framboðs rann út 1. maí 2024. Kosið er um 1 sæti í stjórn og formann Stjórnvísí, alls 2 sæti.
Á aðalfundi er formaður kosinn sérstaklega til eins árs í senn og getur setið í 2 ár að hámarki.
Eitt framboð barst í embætti formanns 2024-2025: Stefán Hrafn Hagalín formaður bíður sig fram til formennsku til eins árs í viðbót.

Í stjórn eru 9 stjórnarmenn kosnir til eins eða tveggja ára í senn með möguleika á framlengingu án þess að kosið sé um þá og geta að hámarki setið í 4 ár. Eftirtalin framboð eru komin sem ekki þarf að kjósa um og munu skipa stjórn Stjórnvísí 2024-2025:

1. Anna Kristín Kristinsdóttir, Digital Platform Adoption Manager, Marel, formaður faghóps um upplýsingaöryggi (2023-2025)
2. Auður Daniélsdóttir, forstjóri Orkunnar (2024-2025) kosin í stjórn (2022-2024).
3. Haraldur Agnar Bjarnason, framkvæmdastjóri Auðkenni.(2024-2025) og (2023-2024) kosinn í stjórn (2021-2023).
4. Ingibjörg Loftsdóttir, sérfræðingur í lýðheilsu og stjórnun, VIRK, formaður faghóps um Heilsueflandi vinnuumhverfi (2023-2025).
5. Laufey Guðmundsdóttir, sýningarstjóri Jarðhitasýningar (2024-2025) og (2023-2024) kosinn í stjórn (2021-2023).
6. Lilja Gunnarsdóttir, sérfræðingur hjá Reykjavíkurborg, sjálfstætt starfandi markþjálfari og teymisþjálfari (2024-2025) kosin í stjórn (2022-2024).
7. Snorri Páll Sigurðsson, deildarstjóri innkaupastýringar Alvotech, formaður faghóps um innkaupstýringu (2023-2025).

6. Kjör formanns.

Eitt framboð hefur borist í embætti formanns fyrir starfsárið 2024-2025:

Stefán Hrafn Hagalín, framkvæmdarstjóri 1311 ehf. Stefán hefur setið í stjórn Stjórnvísí undanfarin fjögur ár, þar af eitt sem formaður og telst hann sjálfkjörinn.

7. Kjör (eins) stjórnarmanna. Kosið verður um eitt sæti í stjórn Stjórnvísí. Eftirtalin hafa gefið kost á sér:

1. Matthías Ásgeirsson, VSÓ – formaður og stofnandi faghóps um aðstöðustjórnun
2. Sunna Arnardóttir, framkvæmdarstjóri Vinnuhjálpar og formaður faghóps um mannauðsstjórnun.

Kjóri náði í stjórn til tveggja ára: Matthías Ásgeirsson.

8. Kjör fagráðs.

Í fagráði til 2024 eru:

Davíð Lúðvíksson, sérfræðingur hjá Rannís (2023-2025)

Guðrún Ragnarsdóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri Strategia (2023-2025)

Tvö hafa gefið kost á sér.

Ný í fagráði 2024-2026 eru:

Sigríður Harðardóttir, mannauðsstjóri Norðuráls (2024-2026)

Sigurður Brynjar Pálsson, forstjóri BYKO (2024-2026)

Samþykkt einróma.

9. Kjör skoðunarmanna reikninga til tveggja ára.

Í framboði eru:

Sigríður Soffía Sigurðardóttir, endurskoðunarsviði KPMG (2025-2027)

Hjördís Ýr Ólafsdóttir, endurskoðunarsviði KPMG (2025-2027)

Samþykkt einróma.

10. Önnur mál.

Skv. 4.grein í reglum félags Stjórnvísí er kveðið á um að aðalfundur ákveði félagsgjöld fyrir eitt ár í senn. Að þessu sinni lagði stjórn til 6% hækkun á félagsgjöldum félagsins fyrir árið 2025 sem

verða innheimt í janúar 2025 en sú hækkun er í takt við vísitölu neysluverðs. Tillagan var samþykkt.

11. Fundi var slitið kl. 12:45

Stjórn þakkar þeim sem ganga úr stjórn fyrir þeirra framlag og fagnar þeim sem ganga í stjórn. Það kom fram að ársreikningur og aðrar upplýsingar yrðu aðgengilegur á vefsíðu félagsins strax að loknum aðalfundinum. Þeir sem óska eftir útprentuðum ársreikningi er bent á að óska eftir því sérstaklega við framkvæmdastjóra félagsins gunnhildur@stjornvisi.is

Undirritunarsíða

Stefán Hrafn Hagalín

Anna Kristín Kristinsdóttir

Matthías Ásgeirsson

Haraldur Bjarnason

Laufey Guðmundsdóttir

Ingibjörg Loftsdóttir

Auður Daníelsdóttir

Lilja Gunnarsdóttir

Snorri Páll Sigurðsson